

VIÐAUKI 3

Jarðmyndanir í norðanverðu Hraunsholti og landfylling norður af Garðabæjarhöfn

Atli Karl Ingimarsson - Hönnun hf., 2000

Jarðmyndanir í norðanverðu Hraunsholti og landfylling norður af Garðabæjarhöfn

Íbúðahverfi er fyrirhugað nyrst í Hraunsholti, norðan væntanlegs Vífilstaðavegar. Austur af þessu svæði er núverandi Garðabæjarhöfn og ætlunin er að gera landfyllingu norður af henni út í Arnarnesvog undir þetta sama íbúðahverfi. Hraunsholt er jökulrúnuð grágrýtishæð eins og svo víða finnst á höfuðborgarsvæðinu. Jarðfræðilega hefur þessi hæð nokkra sérstöðu í umhverfinu hvað varðar berggerð og takmarkaða útbreiðslu bergsins. Þar er ólivínþóleiit (grágrýti) með stórum ólivíndílum, sem er frábrugðið öðrum berglögum í nágrenninu þrátt fyrir að þau séu einnig að stórum hluta ólvínþóleiit. Efnasamsetning þessa bergs liggur ef til vill ekki fjarri samsetningu pikríts sem er enn basískara og ólivínríkara en ólivínþóleiit. Í jöðrum holtsins má sumsstaðar finna bólstraberg undir þessu bergi og jafnvel móberg (Jón Jónsson, 1994). Upptök þessa grágrýtis virðast helst vera í Hraunsholti og að þá hafi þar gosið nokkuð staðbundin gossþýja, hugsanlega á síðasta hlyskaiði eða öðru fyrr á isöld. Slykja af jökulurð situr eftir jökul síðasta jökulskeiðs í hlíðum Hraunsholts og hylur víða grágrýtið.

Ætla má að grágrýti Hraunsholts nái eitthvað norður í Arnarnesvog og hluti þess hefur síðan horfið undir Gálgahraun í gosi á nútíma. Fjaran frá Garðabæjarhöfn, vestur að Gálgahrauni er því samspil sjávar og þessa grágrýtis. Ætlunin er að vernda þessa fjöru enda nokkuð sérkennileg og fögur. Fjöruborðið er að miklu leyti grasi vaxið og nær torfþekjan á köflum nánast niður að meðalvatnsborði enda fer hluti torfsins á kaf á flóðum. Þrátt fyrir hve stórgrýtt fjaran er virðist gróðurþekjan ná að bindast steinunum býsna vel. Víða eru fagurlega vatnssorfnir og veðraðir grágrýtishnullungar í fjöruborðinu.

Þrátt fyrir takmarkaða útbreiðslu bergsins og sérstöðu þess hefur Hraunsholt ekkert sérstakt jarðfræðilegt verndargildi. Berggerðin er ekki einstök og finnst víða þó að þessi útfærsla hennar sé ólík öðrum í nágrenninu. Landfyllingin mun ekki ná að nefndri fjöru samkvæmt skipulagi og sá hluti vogarins sem undir hana fer hefur ekkert jarðfræðilegt verndargildi svo vitað sé. Fjaran er hins vegar sérstæð og er nokkuð á sig leggjandi til að halda upp á hana og varðveita. Hún er þó alls ekki eilíf þar sem landsig er nokkuð mikið á þessum slóðum og áflæði er stöðugt. Einnig er óljóst hver áhrif landfyllingar verða á hegðun sjávar í Arnarnesvogi og hver örlög fjörunnar verða í kjölfarið.

Reykjavík, ágúst 2000
Atli Karl Ingimarsson
Hönnun hf.